2 Dómstólar

1. UMFANG

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Hæstiréttur.
- Héraðsdómstólar.
- Landsréttur.
- Dómstólasýslan.

Frá og með 1. janúar 2018 eru dómstigin þrjú, átta héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur Íslands. Dómstólasýslan, sjálfstæð stjórnsýslustofnun tók þá einnig til starfa en hún hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna allra.

Hlutverk dómstóla er að skera úr réttarágreiningi hvort heldur er á milli einstaklinga eða lögaðila, taka til meðferðar mál sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, og kveða upp úr um embættistakmörk yfirvalda.

Öll dómsmál byrja hjá héraðsdómstólunum. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum er hægt að áfrýja málum til Landsréttar. Í sérstökum tilvikum er hægt að áfrýja niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar eða í undantekningartilvikum niðurstöðum héraðsdóms til Hæstaréttar.

Í töflunni hér á eftir má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

Heildarútgjöld í m.kr.	Reikningur 2016	Fjárlög og fjáraukalög 2017	Fjárlög 2018
02 Dómstólar			
02.10 Hæstiréttur	458	439	453
02.20 Héraðsdómstólar	1.752	1.834	1.717
02.30 Landsréttur		202	681
02.40 Dómstólasýslan		7	293
Samtals	**2.210**	**2.482**	**3.144**

2. STARFSEMI OG HELSTU ÁSKORANIR


Hæstiréttur.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og þangað er unnt að skjóta úrlausnum Landsréttar í einstökum tilvikum og að fengnu leyfi Hæstaréttar. Við sérstakar aðstæður, t.d. ef þörf er á skjótri niðurstöðu í máli og að uppfylltum nánari tilteknum skilyrðum, er unnt að áfrýja héraðsdómi í einkamáli beint til Hæstaréttar. Gert er ráð fyrir fækkun mála hjá Hæstarétti nú þegar Landsréttur hefur tekið til starfa.

Dómarar í Hæstarétti eru nú átta en eftir gildistöku nýrra laga um dómstóla sem tóku gildi 1. janúar 2018 skal hvorki skipa né setja í embætti dómara við Hæstarétt þar til dómarar verða orðnir sjö. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögunum sem tók gildi í árslok 2017 setur ráðherra á tímabilinu 1. janúar 2018 til 1. júlí 2019 dómara við réttinn í forföllum eða vegna leyfis dómara auk þess sem setja má varadómara í einstökum dómsmálum jafnvel þótt ekki sé um vanhæfi eða leyfi dómara að ræða.

Þegar fjallað er um fjölda mála í Hæstarétti er miðað við öll mál sem þangað er áfrýjað eða eru kærð. Á undanförnum árum hefur fjöldi dæmdra mála verið svipaður eða um 760 mál á ári en fækkaði á árinu 2017 í 690. Þá hefur málum sem skotið er til Hæstaréttar fjölgað. Er þá bæði átt við áfrýjuð og kærð mál.


Nýskráð mál og dæmd í Hæstarrétti 2010–2017



	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Nýskráð mál	726	704	770	826	862	862	869	857
Dæmd mál	710	649	710	764	760	761	762	690

Þegar borinn er saman fjöldi mála sem rekinn er fyrir héraðsdómstólum og fjöldi mála í Hæstarétti verður að hafa þann fyrirvara að ekki er að fullu um sambærilega tölfræði að ræða. Fjöldi mála í héraði er miðaður við fjölda munnlega fluttra einkamála og sakamála en ekki önnur mál. Ekki eru til upplýsingar um málsmeðferðartíma í Hæstarétti.

Fjöldi rekinna mála dómstóla 2010–2017



	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hæstiréttur	1436	1353	1480	1590	1622	1623	1631	1547
Héraðsdómur	3523	3103	3238	3449	3083	2968	2945	2764

Eitt lögbundinna hlutverka dómstólasýslunnar er að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana, m.a. í þeim tilgangi að fylgjast með álagi á einstaka dómstóla og auðvelda greiningu á starfsemi þeirra. Til þess að mögulegt sé að fylgja eftir dómsmálum frá þingfestingu í héraði þar til endanlegur dómur liggur fyrir í Landsrétti eða Hæstarétti þarf að gæta samræmingar í skráningu mála á öllum dómstigum. Dómstólasýslan mun leggja áherslu á samræmda, gagnsæja og aðgengilega skráningu tölfræðiupplýsinga á öllum dómstigum þannig að það markmið náist.

Helsta áskorun Hæstaréttar á tímabilinu er að laga sig að breyttri dómstólaskipan.


Gert er ráð fyrir að töluverð vinna verði hjá réttinum í byrjun við að vinna úr beiðnum um áfrýjunarleyfi þar til skýrar línur skapast um þá framkvæmd. Lög gera ráð fyrir að Hæstiréttur ljúki þeim einkamálum sem til hans var áfrýjað fyrir gildistöku laga um dómstóla 1. janúar 2018 og þeim verði lokið á fyrri hluta ársins 2019. Eftir það mun áfrýjuðum málum til meðferðar hjá réttinum fækka. Rétturinn þarf á árinu 2018 að laga sig að breyttu hlutverki samhliða því að ljúka eldri málum.

Árið 2020 verður Hæstiréttur 100 ára og hefur ráðgert að fagna þeim tímamótum m.a. með útgáfu rits þar sem fjallað verður um sögu dómstólsins og birtar fræðigreinar. Vinna við ritun afmælisrits af þessu tilefni hófst á árinu 2017 en fjármagni var sérstaklega veitt til þessa verkefnis. Auk þess er gert ráð fyrir hátíðardagskrá í tilefni afmælisins árið 2020.

Héraðsdómur.

Dómarar í héraði eru nú 42 og verða það áfram samkvæmt nýjum lögum um dómstóla. 1. janúar 2018 varð sú breyting á starfsemi Héraðsdóms Norðurlands eystra að eitt embætti dómara var flutt frá dómstólnum og það stöðugildi varð svokallað faranddómaraembætti með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en verkefni fyrir alla dómstólana. Þegar skoðuð er þróun á fjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er hér eingöngu litið til munnlega fluttra einkamála og sakamála (ákærumála) sem alla jafna vega einna þyngst hjá héraðsdómstólunum. Munnlega fluttum einkamálum hefur farið fækkandi síðastliðin sjö ár.

Héraðsdómur – fjöldi mála, málshraði og kostnaður



	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Sakamál	2.133	2.091	2.341	1.849	1.834	1.914	1.753
Munnleg flutt einkamál	970	1.147	1.108	1.234	1.134	1.031	1.011
Málshraði fluttra einkamála (dagar)	341	345	344	344	365	386	381
Kostnaður v/sérfróðra (m.kr.)	48	61	66	91	92	114	103

Á sama tíma og munnlega fluttum einkamálum hefur fækkað, dómurum í héraði fjölgað og valdheimildir aðstoðarmanna dómara hafa aukist, hefur meðalmálsmeðferðartími lengst frá því að vera 299 dagar árið 2010 í 381 daga á árinu 2017. Lengri málsmeðferðartími kann að vera vísbending um að eðli dómsmála hafi breyst og að umfang þeirra hafi aukist á liðnum árum. Þá hefur einnig fjölgað verulega undanfarin ár þeim málum þar sem þörf hefur verið fyrir sérfróða meðdómsmenn, en í fyrsta skipti í mörg ár lækkaði kostnaður á milli áranna 2016 og 2017 lítillega.

Breytingar voru gerðar á málsmeðferðarreglum dómsmála í júlí 2015 sem fólu í sér ýmsar breytingar til einföldunar á meðferð þeirra. Tilgangurinn var að auka skilvirkni. Þá var skyldubundin sáttameðferð í forsjármálum tekin upp hjá sýslumönnum árið 2012 og er ekki heimilt að leggja slík mál fyrir dómstóla fyrr en sáttameðferð hefur verið reynd.

Helstu áskoranir héraðsdómstólanna eru eins og hjá Landsrétti og Hæstarétti að halda málshraða í viðunandi horfi. Í þjónustukönnun sem gerð var á meðal lögmanna og ákærenda í byrjun árs 2017 kemur m.a. fram að 50% svarenda telja málsmeðferðartímann ívið of langan og 16% allt of langan.

Á árinu 2018 var fjárheimild aukin tímabundið um 50 m.kr. til endurnýjunar á málaskrá héraðsdómstóla, skjalahreinsunar og frágangs skjala. Í fjármálaáætlun þessari er gert ráð fyrir að þessi aukning verði gerð varanleg í ramma. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri hjá dómstólasýslunni sem mun halda utan um þarfagreiningu og nýsmíði nýrrar málaskrár héraðsdómstólanna. Hún byggist á sama grunni og málaskrá Landsréttar og mun því styðja við þá áætlun dómstólasýslunnar að huga að skilvirkni og hagkvæmni við rekstur dómsmála. Auðveldara og öruggara verður að senda rafræn gögn milli dómstiga auk þess sem samræmd skráning mála í héraði og í Landsrétti mun auðvelda alla tölfræðiúrvinnslu. Mælingar á málsmeðferðartíma og fjölda mála á hverju dómstigi verða í kjölfarið gagnsærri. Það mun veita yfirsýn yfir stöðuna á hverjum tímapunkti og gefur færi á því að bregðast við ef fjöldi mála eykst verulega og málsmeðferðartíminn lengist fram yfir sett viðmið á hverju dómstigi.

Landsréttur.

Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018. Fyrstu mánuðirnir hafa einkennst af mótun á nýrri starfsemi algerlega frá grunni og í öllu samhengi, mannafla, húsnæði, húsbúnaði, tækjabúnaði og hugbúnaði.

Heildarfjöldi dómsmála sem nú er til vinnslu hjá Landsrétti er 277. Áfrýjuð sakamál eru stór hluti þessara 277 mála eða 94, kærð sakamál eru 88, áfrýjuð einkamál eru 68 og kærð einkamál eru 27. Af 94 sakamálum eru 76 sakamál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 1.janúar 2018 en ekki var lokið þar fyrir 1.janúar 2018.

Á tímabilinu hafa 14 landsréttardómarar verið við störf, sá fimmtándi er í leyfi frá störfum þar sem hann er settur ríkissaksóknari í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

Dómstólasýslan.

Dómstólasýslunni eru falin ýmis verkefni, t.d. að leggja mat á og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólanna. Þá er dómstólasýslan málsvari dómstólanna gagnvart stjórnvöldum og almenningi, auk þess sem hún annast skipulagningu símenntunar dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla. Hún annast einnig yfirstjórn upplýsinga- og tæknimála dómstólanna.

Eitt af fyrstu verkefnum dómstólasýslunnar var stefnumótun hennar 2018–2022 sem byggist m.a. á hlutverki dómstólasýslunnar og stjórnar hennar á grundvelli ákvæða laga um dómstóla, nr. 50/2016. Í stefnunni verður hlutverk og forgangsröðun verkefna dómstólasýslunnar skilgreind út frá fjórum meginþáttum: þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum, ásamt því að byggt er á gildum um sjálfstæði, traust, skilvirkni og gæði. Með stefnunni mun fylgja áætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum eru skilgreindar og tilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmdinni, ásamt því að þegar við á eru settir mælikvarðar í þeim tilgangi að meta árangur.

3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Borgarar skulu njóta réttaröryggis og grundvallarmannréttinda í hvívetna á Íslandi.

Meginmarkmið málefnasviðsins hér eftir sem hingað til er að traust ríki til dómstóla með því að tryggja greiðan aðgang að þeim og réttláta málsmeðferð um leið og öryggi almennings, gagna og upplýsinga er tryggt.

Með tilkomu Landsréttar fækkar málum sem áfrýjað verður til Hæstaréttar verulega og hann getur betur sinnt því hlutverki sínu að leysa úr málum sem varða mikilsverð réttindi og almenning miklu.

Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum um dómstóla, nr. 50/2016, er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að kostnaður við dómskerfið vaxi ekki úr hófi samanborið við þann ávinning sem af hinu nýja millidómstigi leiðir þannig að tryggð sé hagkvæm nýting á opinberu fé og að ekki dragi úr skilvirkni. Eitt meginmarkmið stefnu dómstólasýslunnar er að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.

Í fjárlögum fyrir árið 2018 var veitt fé til þess að koma á rafrænu þjónustulagi á milli allra stofnana réttarvörslukerfisins. Verkefnið er fjármagnað til þriggja ára og er nú hafin vinna við að tengja upplýsingakerfi stofnana réttarvörslukerfisins saman með rafrænum hætti til að bæta yfirsýn og samfellu málsmeðferðar innan kerfisins. Horft er til þess að unnt verði að senda skjöl og önnur gögn, til að mynda hljóð og myndskrár, á milli dómstóla og annarra í réttarvörslukerfinu, þar á meðal til lögmanna. Mun sú tenging einnig auka hagkvæmni og skilvirkni, auðvelda tölfræðivinnslu, spara pappírskostnað og stórauka gagnaöryggi.

4. MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt. Dómstólar njóti trausts.	Fjöldi mála, tegund, og máls-meðferðartími.		Tölur byggðar á viðmiðum sem unnin verða á árinu 2018.	
2	Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.	Rafræn þjónustugátt sem uppfylli kröfur um öryggi.	Útboð á framtíðar-samskipta-lausn fyrir stofnanir réttarvörslu-kerfisins og ytri aðila er þeim tengjast.		Gagnasam-skipti milli stofnana réttarvörslu-kerfisins og ytri aðila er þeim tengist verði að fullu rafræn.

Nr.	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili
1	2	Unnið að rafrænu þjónustulagi milli stofnana réttarvörslu-kerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess.	2018–2020	DMR og stofnanir réttarvörslu-kerfisins.
2	1 og 2	Endurnýjun málaskrár héraðs-dómstóla.	2018–2021	Dómstólasýslan/héraðsdómstólar

3	2	Áframhaldandi þróun málaskrár Landsréttar.	2018–2019	Dómstólasýslan

5. FJÁRMÖGNUN

Töluleg umfjöllun um útgjaldaramma málefnasviðsins næstu fimm ár.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
2 Dómstólar	**3.105**	**3.066**	**3.054**	**3.084**	**3.114**